


DEILISKIPULAG 1:1000







LANDAMÖRK - SVEINSSTAÐA 1:15000

## Greinagerð deiliskipulags

Almennar upplýsingar

Greinagerð þessi og skilmálar gilda fyrir skipulagssvæðið Þrístapa sem er hluti af jörðinni Sveinsstöðum í Húnavatnshreppi.

Afmörkun skipulagssvæðis og stærð

Deiliskipulagssvæðið er í landi Sveinsstaða og nær yfir svæðið umhverfis Þrístapa, fyrirhugað bílastæði við þjóðveg nr. 1 og fyrirhugaða gönguleið þar á milli sem er um 200 m að lengd.

Heildarstærð skipulagssvæðisins er um 3.2ha.

Skipulagsleg staða

Forsendur deiliskipulagsins er að finna í Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 þar sem fram kemur heildarsýn yfir landnotkun.

Sveinsstaðir eru skilgreindir sem landbúnaðarsvæði með mögulegri uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu, m.a. með því að varðveita menningarminjar og gera þær aðgengilegar og upplýsandi.

Auglýst hefur verið breyting á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022, m.a. vegna þjónustusvæðis að Sveinsstöðum. Sú breyting á aðalskipulagi hefur ekki áhrif á deiliskipulag Þrístapa.

Þar sem allar meginforsendur er taldar liggja fyrir í aðalskipulagi er ekki talin þörf á skipulagslýsingu vegna vinnu við deiliskipulag.

Minjar

Fornleifaskráning hefur farið fram á Sveinsstöðum. Skv. henni eru fjórar minjar skráðar á skipulagssvæðinu við Þrístapa. Um er að ræða aftökustað, minnismerki um síðustu aftökuna sem fram fór á Íslandi ásamt niðurgreftri, 2 tóftir með vegghleðslum ásamt grjóthleðslu. Minjar þessar hafa verið staðsettar í fornleifaskráningu og má sjá staðsetningu þeirra á skipulagsuppdrætti. Nánari upplýsingar um fornleifaskráninguna má finna í: Fornleifaskráning Húnavatnshrepps-Sveinsstaðir, Byggðasafn Skagfirðinga, rannsóknarskýrslur 2010/102 (Bryndís Zoega, Guðmundur ST. Sigurðsson og Guðný Zoega, 2010). Þessar fjórar minjar hafa 15m helgunarsvæði en til framtíðar er hugsanlegt að svæðið verði friðlýst.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands eins og 24.gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 kveður á um.

Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar eins og 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 kveður á um.

Deiliskipulag

Þrístapar er vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Vegna fjölgunar ferðamanna um svæðið er nauðsynlegt að bæta aðgengi og aðstöðu.

Til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki er nauðsynlegt að byggja upp innviði þess og setja umgengnisreglur sem um svæðið fara. Sérstök áhersla er lögð á að allar framkvæmdir muni falla vel að umhverfinu og þannig stuðlað að verndun svæðisins. Deiliskráning forminja hefur verið gerð fyrir Sveinsstaði og er sú skráning forsenda fyrir gerð deiliskipulags. Sérstök áhersla er lögð á það við gerð deiliskipulags að þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir skv. deiliskipulagi muni ekki raska þeim fornminjum sem eru á staðnum.

Megin tilgangur með gerð deiliskipulags við Þrístapa er að skipuleggja og útfæra aðgengi og aðstöðu þeirra sem að og um svæðið fara sem best. Að það sé öruggt og að það raski umhverfi sem minnst. Með bættu aðgengi verða skapaðar forsendur til þess að gera umgjörð þeirra menningarminja sem á svæðinu er að finna sem besta þannig að varðveisla þeirra verði tryggð.

Aðkoma að svæðinu er frá þjóðvegi nr. 1. Útfærsla aðkomu inn á fyrirhugað bílastæði skal unnin í samráði við Vegagerðina.

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem deiliskipulagið mun ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Aftur á móti er gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Verkefnið felst m.a. í að skilgreina áningarstaði, aðkomusvæði, dvalarsvæði, fræðsluskilti, gönguleiðir og bílastæði.

Sérstök áhersla er lögð á að allar framkvæmdir og efnisval muni falla vel að umhverfinu og þannig stuðlað að verndun svæðisins.

Bílastæði

Við hönnum og merkingar bílastæða er leitast við að þau verði skilvirk og örugg. Bílastæði eru sýnd á skipulagsuppdráttum en útfærsla innan þeirra getur breyst við fullnaðarhönnun. Samráð skal haft við Vegagerðina um útfærslur og rýmisþörf bifreiða og hópbifreiða. Bílastæði skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.2 byggingareglugerðar nr. 112/2012. Gengið skal frá jöðrum bílastæða þannig að þau falli sem best að umhverfi sínu. Bílastæði eru 12 talsins, þar meðtalið 1 bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Þrjú stæði fyrir rútur, þannig útfærð að aðkoma að þeim er skilvirk. Jarðstrengur RARIK liggur samsíða Þjóðvegi 1 í um 20m fjarlægð. Strengurinn skal meðhöndlaður af mikilli varúð. RARIK skal koma að undirbúningi framkvæmda, gefa leiðbeiningar um vinnu og frágang við strenginn, merkja strenginn áður en framkvæmdir hefjast og almennt vera upplýstir um framkvæmdir.

Stígar og áningastaðir

Gert er ráð fyrir göngustíg frá bílastæði til norðurs að fyrirhuguðum áningarstað við Þrístapa og þaðan hringleið umhverfis minjastaðinn. Frá göngustígnum norðan áningarstaðarins er gert ráð fyrir fræðslustíg að minjastöðunum, en stígurinn skal hvergi liggja svo nærri minjum að framkvæmdir við hann raski minjum eða nánasta umhverfi þeirra.

Lega stíga getur breyst lítillega frá því sem sýnt er á deiliskipulagsuppdrætti þar sem aðlaga þarf legu eftir aðstæðum á staðnum. Stígar skulu falla að aðliggjandi landhæð sem frekast er unnt.

Gengið skal frá jöðrum og fláum göngustíga þannig að þeir falli sem best að umhverfi sínu, m.a. með því að græða jaðrana og fláana upp með samskonar gróðri og er umhverfis göngustígana. Áningarstaður skal þannig útfærður að hann falli sem best að umhverfi sínu.

Skilti

Innan skipulagssvæðisins er heimilt að setja upp upplýsinga- og fræðsluskilti við bílastæði og áningarstað. Við hönnun skilta skal styðjast við handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum með áherslu á að útlit samræmist annarri hönnun á svæðinu í efnisvali, útliti og áferð.

Upplýsinga- og fræðsluskilti og aðrar merkingar innan svæðis skulu vera í samræmi við reglur Minjastofnunar Íslands og fullt samráð skal haft við MI um hönnun og frágang í nánd við minjar.

Umhverfisáhrif

Ekki er talið að framfylgd deiliskipulags hafi neikvæð umhverfisáhrif. Jákvæð umhverfisáhrif eru möguleg vegna betri stýringar gangandi og akandi umferðar að og um svæðið og vegna betri aðstöðu fyrir ferðamenn.

Breytingar á gögnum deiliskipulags

**Eftirfarandi breytingar voru gerðar á gögnum deiliskipulags eftir auglýsingar- og kynningartíma:**

- **Bætt er við helgunarsvæði við fornminjar á uppdrátt og útskýrt nánar í texta**
- **Bætt er við helstu umhverfisáhrifum á skipulagið í texta**
- **Jarðstreng Rarik hefur verið bætt á uppdrátt og gerð grein fyrir honum í texta**
- **Bætt er í texta að nánari útfærslur og rýmisþörf bifreiðastæða skuli vera gerð í samráði við Vegagerðina.**
- **Bætt er við í texta að fullt samráð verði haft við Minjastofnun Íslands við hönnun og frágang svæðisins og verði í samræmi við reglur MI**



HLUTI GILDANDI AÐALSKIPULAGS HÚNAVATNSHREPPS 2010-2022

ÞRÍSTAPAR Í LANDI SVEINSSTAÐA

SKÝRINGAR

- SKIPULAGSMÖRK
- BÍLASTÆÐI
- GÖNGUSTÍGAR
- FRÆÐSLUSTÍGAR
- ÁNINGARSTAÐUR
- HLEÐSLA
- NÚVERANDI GIRÐING
- FRÆÐSLUSKILTI
- JARÐSTRENGUR RARIK 20m frá miðlínu götu
- MINJAR (XX) sjá Fornleifaskráningu Húnavatnshrepps - Sveinsstaðir
- MINJAR 15m helgunarsvæði frá ystu brún minja

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010. frá 6. apríl 2018 til 21. maí 2018 var samþykkt í sveitarstjórn Húnavatnshrepps þann 6. apríl 2018.

Sveitarstjóri Húnavatnshrepps

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda
þann ________________

24.05.2018. Breytt eftir auglýsingar- og kynningartíma

## HÚNAVATNSHREPPUR - ÞRÍSTAPAR

DEILISKIPULAG

DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A1: | 1:1000 | TEIKN NR: | 101 |
| DAGS: | 04.04.2018 | HANNAÐ: | IRG |
| FLOKKUR: | 5612-hunava_A | TEIKNAÐ: | IRG |
| SKRÁ: | 17029-deiliskipulag.dwg | VERKNR: | 16120 |

LANDSLAG

X:\0- VERK\5612-HUNAVA\A\17029_ÞRÍSTAPAR-DSK\TEIKN\DWG\17029-DEILISKIPULAG.DWG